

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958
fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands féllst hinn 2. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 17. júní 1958:

1. gr.

52. gr. 2. málsg. hljóði svo:

Prófið er aðeins skriflegt. Enginn stenzst prófið, ef hann hlýtur lægri einkunn en 7. Kennarinn dæmir einn um úrlausnina.

2. gr.

Munnlegt próf samkvæmt 52. gr. 2. málsg. háskóla­reglugerðar skal haldið í síðasta skipti í lok vormisseris 1965, og tekur reglugerð þessi gildi samkvæmt því.

Í menntamálaráðuneytinu, 4. júní 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.